



Reykjavík, 8. apríl 2024

USK25020057

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. febrúar 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska upplýsinga hvað líður endurskoðun reglna um íbúakort. Fyrirspurninni fylgir greinargerð.

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á reglum um íbúakort frá 23. ágúst 2023 var svarað þann 13. október sama ár og vísað til vinnu á Umhverfis- og skipulagssviði um yfirferð á reglum um íbúakort. Síðan eru 477 dagar liðnir og lítið spurst til nýrra reglna. Ítrekað síðan þá hefur umræða um íbúakort komið upp innan borgarinnar og í fjölmiðlum, í íbúaráðum, borgarráði og víðar. Þörfin fyrir endurskoðun og bætingu reglnanna er enn brýnni eftir lengingu gjaldskyldu og stækkun gjaldskyldusvæða. Því ítreka borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ákall um breytingu á reglum um íbúakort og íbúum á gjaldsvæðum verði gert auðveldara að fá og nýta íbúakort.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 5. mars 2025.

Svar:

Vinna við endurskoðun reglna um íbúakort er langt komin. Vinnan hefur því miður dregist vegna anna hjá bílastæðasjóði, m.a. vegna nýs eftirlitskerfis sem og nýs íbúakortakerfis en þau verkefni hafa bætt þjónustu Bílastæðasjóðs til muna. Einnig hafa veikindi á skrifstofunni gert það að verkum að endurskoðun á íbúakortareglum hefur seinkað. Stefnt er að því að reglurnar verði tilbúnar fyrir sumarfrí.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík